

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

#### 1. gr.

- Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrír nýir tölfliðir, 57., 58. og 59. tölu., svohljóðandi:
- 57. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1491 frá 3. september 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið virginíamýsín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2016, frá 6. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 181.
  - 58. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1492 frá 3. september 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið týlvalósín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2016, frá 6. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18, frá 31. mars 2016, bls. 184.
  - 59. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1820 frá 9. október 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið díetýenglýkólmónó-etýletra. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2016, frá 19. mars 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, frá 31. mars 2016, bls. 418.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. apríl 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Eggert Ólafsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2016